


**HILDUR BJÖRK PÁLSDÓTTIR**

*Eyðir mestum tíma sínum í sófahorninu*

heimili

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS

**ÓLAFUR JÓHANNESSON**

*Hertekur Búðardal*

Tökur hefjast á nýrri kvikmynd

**FÓLK 22**



**JÓHANN JÓHANNSSON**

*Nýrri plötu lekið á netið*

Sáttur ef fólk hlustar á tónlistina

**FÓLK 22**



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. júlí 2009 — 158. tölublað — 9. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000

## MÁNUDAGUR

### Náttúrulegur innblástur

Svava Kristín Egilson hlaut silfurverðlaun í listrænum bútasaumi á norrænu bútasaumsmóti.

**TÍMAMÓT 12**





### Bó breytist í Björgvin

Björgvin Halldórsson leitar aftur til upprunans á nýrri plötu.

**FÓLK 16**

### Ísland í þrot

„Mögulegt gjaldþrot Íslands er ekki einkamál Steingríms og Jóhönnu“, skrifar Eygló Harðardóttir.

**Í DAG 10**

### Tæpt í Eyjum

FH vann sigur á ÍBV í framlengdum leik í bikarkeppni karla í gær.

**ÍÞRÓTTIR 18**



## VEÐRIÐ Í DAG




**SKÝJAÐ MEÐ KÖFLUM** Í dag verða víðast austan 3-10 m/s. Sums staðar léttskýjað norðanlands, en annars víða skýjað með köflum og súld af og til með suður- og austurströndinni. Hiti 10-22 stig.

**VEÐUR 4**






**FEGURÐIN FEST Á FILMU** Þessi ljósmyndari naut kyrrðarinnar við Jökulsárlón í fyrrinótt. Hann lét skúraveður ekki aftra sér við myndatökuna. Jökulsárlón er sérlega tilkomumikið um þessar mundir og lónið er orðið dýpsta vatn landsins samkvæmt nýjum mælingum, 248 metrar á dýpt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Eru yfirheyrðir í átta tíma í hljóð og mynd

**Sérstakur saksóknari segir þónokkra hafa verið kvadda í yfirheyrslu frá útlöndum. Þeir verði undantekningarlaust við beiðninni og mæti með lögmann. Nú fái embættið öll umbeðin gögn frá bönkunum. Hann segist ekki á leið í sumarfrí.**

**BANKAHRUNIÐ** Sakborningar sem koma í yfirheyrslu hjá sérstökum saksóknara vegna bankahrunsins þurfa að sitja fyrir svörum í allt að átta stundir, og er framburður þeirra tekin upp á hljóð- og myndband.

Ólafur Þór Hauksson saksóknari segir að allir þeir sem hafa verið boðnir í yfirheyrslur að utan hafi mætt. Lögmaður sé ávallt með í för, og Ólafur segir það tryggja vandaðri málsmeðferð.

„Hluti af því er líka að yfirheyra í hljóð og mynd, þá er enginn vafi á því hvað hver sagði,“ segir hann. Ekki standi þó til að birta þessar upptökur að svo stöddu.

Ólafur vill ekki ræða mikið um hvaða menn þetta eru, sem hafa komið að utan til yfirheyrslu, en staðfestir að nokkrir fyrrverandi bankastjórnendur séu þeirra á meðal. Spurður hver borgi ferðakostnað, segir hann sakborningana hafa gert það hingað til.

Annars sé fullur gangur í rannsóknum embættisins. Ekki skipti minnstu máli lagabreyting sem gerð var í apríl, sem gerði að verkum að auðveldara er fyrir embættið að nálgast upplýsingar sem áður voru bundnar bankaleynd.

„Við höfum fengið það sem við höfum beðið um síðan þetta var gert,“ segir Ólafur. Fyrir vikið hafi embættið síður þurft að grípa til húsleitar.

Það sem helst hái störfum hans núna sé skortur á starfsmönnum og peningum. Knýjandi sé að auknar fjárveitingar berist sem fyrst. Hann hafi orðið var við mjög jákvæðar undirtektir hjá dómsmálaráðherra, og nú stefni í að framlög til embættisins verði margföld á við það sem upphaflega var lagt upp með.

„Það er verið að spýta í lófana um að gera þetta dæmi upp og gera það forsvaranlega úr garði,“ segir Ólafur. Hann er vongóður um verulega styrkingu embættisins og segir ekki vanta viljann til afreka á sínum bæ.

„Það er unnið á kvöldin og um helgar, og ég tek ekki sumarfrí í sumar, sýnist mér. Þetta verkefni gengur alveg fyrir öllu,“ segir Ólafur. **- kóþ**

Leiðtogafundur G8 á Ítalíu:

## Enginn lúxus

**ÍTALÍA, AP** Leiðtogar G8-ríkjanna þurfa að gista í herskálum þegar þeir mæta á þriggja daga leiðtogafund, sem hefst á Ítalíu á miðvikudaginn.

Venjulega er gist á lúxushótelum á fundum sem þessum.

Silvio Berlusconi, forseti Ítalíu, ákvað að fundurinn yrði haldinn í fjallaþorpinu L'Aquila, þar sem harður jarðskjálfti varð nærri 300 manns að bana í vor. **- gb**






**SPURNING DAGSINS**



*Guðlaugur, er ekki stuð að vera draugabani?*

„Það er aldrei dautt móment."

Guðlaugur Kristinn Óttarsson berst gegn draugum og rafmengun í húsum landsins.

Borgarfulltrúi VG segir skrítið að ekki sé skorið niður í efstu lögunum:

# Orkuveitan býður enn í lax

**REYKJAVÍK** Þorleifur Gunnlaugsson borgarfulltrúi VG, segir Orkuveituna hafa boðið sér til laxveiða í sumar, sem borgarfulltrúa og stjórnarmanni í Orkuveitunni. Þetta skjóti skökku við meðan farið sé í mjög grimmar sparnaðaraðgerðir hjá borginni, og kexið jafnvel tekið úr kaffistofum láglaunafólks.

„Á sama tíma er verið að skera niður eins og hægt er hjá borginni, það verið að taka af fólki yfirvinnuna, og auka álagið með því að ráða ekki í sumarafleysingar. Það er verið að minnka veitingarnar á kaffistofunum, jafnvel verið að taka kexið af borðunum.



**ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON**

Þetta eru mjög grimmar sparnaðaraðgerðir hjá starfsfólki sem flest er láglaunafólk," segir hann.

En svo virðist sem sparnaðaraðgerðir borgarinnar, og Orkuveitu, nái ekki upp í efstu lögin. „Það er verið að bjóða kjörnum fulltrúm og einhverju starfsfólki Orkuveitunnar, sem sennilega er ekki með undir fimm hundruð þúsund krónum á mánuði, til laxveiða. Og þá eru jafnvel veitingar á árbakkanum og hugguleghheit," segir Þorleifur.

Annar flötur á málinu sé að Stangveiðifélagið selji leyfi í hálfan dag í ánni og því sé hún stundum eina áin sem alþýðuveiðimenn hafi efni á að veiða í. Færri komist að en vilja og mörgum stangveiðimönnum finnist því ósanngjarnt að einhverjir skuli sitja að þessu á þennan veg.

Þorleifur hefur spurst fyrir hjá Orkuveitunni hversu marga daga hún tæki frá í ánni, hverjum væri boðið og hvað það kostaði fyrirtækið.

- kóþ

Svínaflensutilfellum fjölgar:

# Neita neyðinni

**MEXÍKÓ AP Mirta Roses, yfirmaður heilbrigðisstofnunar Ameríkurkja, hrósar yfirvöldum í Mexíkó fyrir aðgerðir gegn svínaflensufaraldrinum. Þeir séu öðrum fordæmi, þótt þau hafi verið efnahag landsins dýrkeypt.**

**Hún þrýstir á yfirvöld í Argentínu að gera álíka ráðstafanir en þar neita heilbrigðisyfirvöld að lýsa yfir neyðarástandi vegna flensunnar. Gripið hefur verið til þess að lengja vetrarfrí í skólum úr tveimur vikum í mánuð og ófrískar konur hafa verið sendar heim af vinnumarkaðnum í fimmtán daga. 44 hafa látist af völdum svínaflensu í Argentínu en talið er að um hundrað þúsund séu sýktir.** - kbs

Hollenskir sparifjáreigendur:

## Hollendingar lögsækja Ísland

**HOLLAND Um tvö hundruð Hollendingar, sem áttu innistæður í Icesave, undirbúa nú málsókn gegn Íslandi.**

**Hollendingarnir telja að þeim hafi verið mismunað þar sem þeir hafi ekki fengið aðgang að reikningum sínum í Nýja Landsbankanum, sem íslenskir innistæðueigendur hafi fengið. Þetta sé fordæmislaust misrétti.**

**Í fréttatilkynningu kemur fram að nýleg skýrsla hollensku ríkisstjórnarinnar staðfesti að Fjármálaeftirlitið beri fulla ábyrgð á málinu. Seðlabanki Hollands hafi reynt að stöðva þenslu Icesave en fengið rangar upplýsingar og verið hundsaður af Landsbankanum.** - þeb

Valtýr Sigurðsson:

## Mun ekki segja upp starfi sínu

**STJÓRNSÝSLA** Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari ætlar ekki að segja upp starfi sínu. Eva Joly skoraði aftur á Valtý að hætta sem saksóknari á laugardag.

Valtýr segist í samtali við Vísi hafa fengið skriflegt plagg frá Ólafi Þór Haukssyni, sérstökum saksóknara, þess efnis að krafa Joly sé ekki sett fram í nafni embættisins og að Ólafur sé ósammála kröfum Joly.

Valtýr hefur lýst sig vanhæfan til að rannsaka mál er varða bankahrunið. - þeb

# Borgarbyggð glímir við alvarlegan vanda

**Gjaldþrot lykilfyrirtækja í Borgarbyggð hefur sett sveitarfélagið í vanda. Atvinnuleysi eykst og nokkuð ber á fólksflótta. Heimamenn vilja reisa nýtt fyrirtæki á rústum Loftorku, fyrirtækis sem veitti 300 manns atvinnu.**

**BORGARBYGGÐ** „Atvinnuástandið hefur versnað mjög hjá okkur. Tekjuáætlun sveitarfélagsins er þó enn að skila sér en auðvitað óttumst við að það sem er að gerast hjá þessum tveimur fyrirtækjum fari að bíta verulega í haust og kvíðum því mjög," segir Páll S. Brynjarsson, sveitarstjóri Borgarbyggðar.

Á síðustu dögum hafa tvö fyrirtæki horfið úr atvinnuflóru Borgarbyggðar með gjaldþroti byggingarfyrirtækisins Loftorku og ákvörðun matvælafyrirtækisins Síldar og fiskjar að færa starfsemi sína frá Borgarnesi. Með því töpuðust rúmlega áttatíu störf en Loftorka, sem var öflugasta fyrirtæki sveitarfélagsins, veitti um 300 manns atvinnu þegar best lét í uppgangi áranna 2006 og 2007. Í vetur varð sveitarfélagið fyrir miklu áfalli þegar Sparisjóður Mýrasýslu var sameinaður Nýja Kaupþingi, en allt stofnfé sparisjóðsins var í eigu Borgarbyggðar og tapaðist.

Páll óttast um fleiri fyrirtæki í verktakaiðnaði en segir að vonir heimamanna standi til að endurvekja rekstur Loftorku. Slíkt fyrirtæki verði þó einnig endurvakið án aðkomu sveitarfélagsins; það hafi ekki burði til þess og almennt séu sveitarfélög hætt að koma að atvinnurekstri með beinum hætti. „Hér er hins vegar þetta glæsilega fyrirtæki og við höfum heyrt af áhuga á því að fara af stað aftur," segir Páll.

Páll segir að íbúum í Borgarbyggð hafi fækkað og tengir það við þau áföll sem hafa orðið í atvinnumálum. Nefnir hann sem dæmi að margir erlendir íbúar hafi flust burt á þessu ári, en fækkunin í Borgarnesi sé á milli fimmtíu og sextíu manns.

Þegar spurt er um hvað sé fram undan er Páll bjartsýnn og horfir ekki síst til uppbyggingar í skóla- og menningarmálum, sem hefur verið aðalvaxtabroddur sveitarfélagsins á síðasta áratug. Eins sé ferðaþjónustan sterk sem aldrei fyrr og horft sé til tækifæra á grunni uppbyggingar menntasetra sem byggja á sögu og þjóðfræðum. „Við erum sveitarfélag sem hefur alla burði til að sækja fram þó að við séum að ganga í gegnum erfiðleika rétt í augnablikinu," segir Páll. Hann telur sveitarfélagið alls ekki svo illa statt að grípa þurfi til örþrifaráða í uppbyggingu eða að sveitarfélagið þurfi að leita eftir sérstakri aðstoð til að takast á við vandann. svavar@frettabladid.is



**FRÁ BORGARNESI** Sveitarfélagið Borgarbyggð telur um 3.800 manns og þolir illa að missa fyrirtæki sem veitti 300 manns atvinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**SARAH PALIN** Fyrrverandi varaforsetaefni Repúblikanaflokksins býr sig undir framhaldsátök. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Palin kynnir áform sín:

## Segist stefna til æðri metorða

**BANDARÍKIN, AP** Sarah Palin lét ekki bíða lengi eftir yfirlýsingum um að hún stefndi nú til æðri metorða í bandarískum stjórnmálum, eftir að hún sagði óvænt af sér sem ríkisstjóri í Alaska á föstudag.

„Nú horfi ég fram á veginn og lít á það hvernig við getum í sameiningu komið þessu landi áleiðis," sagði hún á Facebooksíðu sinni, og bætti því við að hún myndi í því verki leggja áherslu á „minni ríkisíhlutun, meira sjálfstæði í orkumálum, sterkari þjóðvarnir og brýnt aðhald í fjármálum".

Palin kvartaði jafnframt undan viðbrögðum fjölmiðla við afsögn sinni, sagði þau fyrirsjáanleg og út í hött. - gb

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

**Mikill fjöldi á Höfn**

Humarhátíð fór fram á Höfn um helgina og var mikill mannfjöldi í bænum. Töluvert annríki var hjá lögreglu. Tveir voru teknir grunaðir um ölvun við akstur og nokkuð var um slagsmál, þó engin alvarleg.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

**Fékk kríu í sig og ók út af**

Ökumaður mótorhjóls missti stjórn á hjóli sínu við Bolungarvík fyrir helgi þegar kríur flugu í fangið á honum. Ökumaðurinn og farþegi féllu af hjólinu, sem lenti utan vegar. Ökumaðurinn hlaut beinbrot en farþeginn minni meiðsl.






Manuel Zelaya staðráðinn í að endurheimta forsetaembætti sitt í Hondúras:

# Búist við átökum í Hondúras

**HONDÚRAS, AP** Stjórnvöld í Hondúras voru í gær harðákveðin í að meina Manuel Zelaya að snúa aftur til landsins. Zelaya var rekinn úr embætti forseta í síðustu viku, en hugðist freista þess að endurheimta embættið.

Mikill viðbúnaður var á jörðu niðri í Hondúras. Þúsundir stuðningsmanna Zelayas höfðu safnast saman við flugvöllinn, en herinn hafði fengið fyrirmæli um að vísa forsetanum úr landi á ný og flugumferðarstjórn fyrirskipaði vélinni að lenda ekki heldur halda áfram til El Salvador.

Búist var við átökum tækist vélinni að lenda, en þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær var vélin enn á leiðinni frá Washington, þar sem hann hefur dvalist undanfarna daga.

Um borð var forseti Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, Miguel D'Escoto Brockman, sem vildi með þessu sýna stuðning Sameinuðu þjóðanna við málstað Zelayas. Forsetar nokkurra Suður-Ameríkuríkja höfðu einnig ætlað að ferðast með Zelaya í sömu flugvél, en við það var hætt af öryggisástæðum. Þess í stað fóru þeir í humátt á eftir honum með öðrum flugvélum.

Ekkert ríki hefur viðurkennt brottvísun forsetans.



**RÆTT VIÐ BLAÐAMENN Í WASHINGTON** Rafael Correa, forseti Ekvadors, Cristina Fernandez, forseti Argentínu, og Manuel Zelaya ræddu við blaðamenn í gær áður en Zelaya hélt upp í flugvél til Hondúras þar sem hann hugðist endurheimta forsetaembættið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur gagnrýnt málsmeðferð stjórnvalda, og er þar í hópi með bæði Hugo Chavez, hinum vinstrisinnaða forseta Venesúela, og Alvaro Uribe, hinum hægrisinnaða forseta Kólumbíu. - gb

# NÝ HÁGÆÐATÆKI

## *frá* PHILIPS




ambi light

Perfect Pixel HD ENGINE

Full HD 1080p

Perfect Natural Motion

200Hz Clear LCD 1 ms

Network LINK dlna

mp4

CI+

NetTV

**PHILIPS 42PFL9664H 9000 línan**
- Örþunnt Full HD 1080p 16:9 LCD
- Ambilight Spectra 2 Baklýsing
- Perfect Pixel HD og Perfect Natural Motion
- Dýnamísk skerpa : 80.000:1
- Svartími 1ms / 200 Hz Clear LCD
- NetTV gegnum Wi-Fi







**PHILIPS 42PFL5604H 5000 línan**
- Full HD 1080p 16:9 LCD
- Pixel Plus HD myndtækni
- Dýnamísk skerpa : 50.000:1
- Stafrænn DVBT og DVBC móttakari
- Svartími 5ms

**PHILIPS 42PFL7404H 7000 línan**
- Full HD 1080p 16:9 LCD
- Pixel precise HD og HD Natural Motion
- Dýnamísk skerpa : 80.000:1
- Stafrænn DVBT og DVBC móttakari
- Svartími 3ms / 100 Hz Clear LCD

**PHILIPS 42PFL8404H 8000 línan**
- Full HD 1080p 16:9 LCD
- Ambilight Spectra Baklýsing
- Pixel precise HD og HD Natural Motion
- Dýnamísk skerpa : 80.000:1
- Svartími 3ms / 100 Hz Clear LCD
- NetTV gegnum Wi-Fi

**REYKJAVÍK**
SUÐURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500

**AKUREYRI**
GLERÁRGÖTU 36
460 3380

**HÚSAVÍK**
GARÐARSBRAUT 18A
464 1600

**SELFOSS**
EYRARVEGI 21
480 3700

**Heimilistæki**

ht.is

## GENGIÐ 03.07.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,37 | 126,97 |
| Sterlingspund | 206,12 | 207,12 |
| Evra | 176,76 | 177,74 |
| Dönsk króna | 23,737 | 23,875 |
| Norsk króna | 19,612 | 19,728 |
| Sænsk króna | 16,151 | 16,245 |
| Japanskt jen | 1,3165 | 1,3243 |
| SDR | 195,1 | 196,26 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

229,0491

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Barack Obama gengur á fund Medvedevs Rússlandsforseta í Moskvu í dag:

# Reyna að bæta samskiptin

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti hélt til Rússlands í gær og hittir þar Dmitrí Medvedev forseta að máli í dag. Tilgangurinn með heimsókninni er að bæta samskipti ríkjanna, sem hafa verið stirð síðustu sjö árin.

Rússar hafa þegar ákveðið að koma til móts við Bandaríkjamenn með því að leyfa hersveitum Bandaríkjanna og NATO að ferðast um Rússland til Afganistans með hergögn.

Einnig þykir fullvíst að á fundi forsetanna verði opinberað nýtt samkomulag um fækkun kjarnorkuvopna, sem kæmi í staðinn fyrir START I-samninginn frá 1991, en hann rennur út í desember.



**BANDARÍKJARFORSETI** Barack Obama hittir Medvedev Rússlandsforseta í dag. Tilgangur fundarins er að bæta samskipti ríkjanna sem hafa lengi verið stirð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í viðtali við rússneska dagblaðið Novaja Gaseta, sem birt var að hluta í gær, lýsti Obama ánægju sinni með endurbætur sem Medvedev hyggst gera á rússnesku réttarfari.

Rússar og Bandaríkjamenn hafa átt í harðvítugum deilum um málefni Georgíu og Írans auk eldflaugavarnarkerfa sem fyrri Bandaríkjastjórn hafði ákveðið að setja upp í Úkraínu og Póllandi.

Í viðtalinu sagðist Obama geta fullvissað Rússa um að slíku varnarkerfi yrði ekki beint gegn Rússlandi: „Slíkur hugsunarháttur er ekkert annað en arfleifð frá Kalda stríðinu.“ **- gb**

Þingkosningar í Búlgaríu:

# Stjórnin fallin

**BÚLGARÍA, AP** Samkvæmt útgönguspám unnu hægriflokkar í Búlgaríu stórsigur í þingkosningum í gær. Flokkur, sem nefnist GERB, hlaut nærri 40 prósent atkvæða, en Sósíalistaflokkurinn, sem hefur verið við völd í landinu, fékk aðeins 18 prósent. Boiko Borisov, borgarstjóri í Sofíu, er leiðtogi GERB, en nafn flokksins er búlgörsk skammstöfun sem stendur fyrir „Borgarar í þágu evrópskrar þróunar Búlgaríu“.

Sósíalistaflokknum tókst að tryggja Búlgaríu aðild að Evrópusambandinu árið 2007, en hefur verið gagnrýndur fyrir að vinna ekki bug á spillingu. Búlgaría er fátækasta ríki Evrópusambandsins. **- gb**

Dr. Herdís Þorgeirsdóttir:

# Kjörin forseti evrópskra kvenlögfræðinga

**FÓLK Dr. Herdís Þorgeirsdóttir lögfræðingur hefur verið kjörin forseti Evrópusamtaka kvenlögfræðinga. Samtökin héldu aðalfund í Reykjavík og lauk fundinum um helgina. Um 150 manns sátu ráðstefnuna og 35 fyrirlesarar ávörpuðu hana.**



DR. HERDÍS ÞORGEIRSDÓTTIR

**Herdís er þriðji forseti samtakanna, sem voru stofnuð árið 2000. Samtökunum er ætlað að vera samstarfsvettvangur kvenlögfræðinga í Evrópu og hafa áhrif á löggjöf og stjórnmál í aðildarríkjum Evrópusambandsins og EES-ríkjunum, á grundvelli kynjajafnréttis.** **- þeb**

Fimm myrtir í Suður-Karólínu:

# Raðmorðingi gengur laus

**BANDARÍKIN, AP** Fimm hafa látist á nokkrum dögum af skotsárum í Cherokee-sýslu í Suður-Karólínu. Morðin eru öll talin verk sama manns. Hin fimmtán ára Abby Tyler lést á laugardag, en hún og faðir hennar voru skotin á fimmtudagskvöld í verslun fjölskyldu þeirra. Faðirinn lést sama kvöld.

Fyrsta fórnarlambið var ferskjubóndi á sjötugsaldri. Morðinginn er talinn hafa rætt við konu hans um kaup á heyi fyrr um daginn. Þá fundust mæðgur á sextugs- og níræðisaldri bundnar og skotnar á miðvikudag.

Ekkert bendir til þess að morðinginn þekki fórnarlömb sín eða að þau tengist innbyrðis. **- kbs**

# Annar snúður frá víkingaöld fundinn

**Átta rúnir eru á snúðinum, sem ekki hefur tekist að ráða í. Annar slíkur fannst í október, en sá var yngri. Uppgreftri á að vera lokið í október, en óvíst að það takist. Heil 12. aldar bygging liggur undir Tjarnargötu og viðarstígur í norður.**

**FORNLEIFAR** Uppgröftur gengur vel á Alþingisreitnum við Vonarstræti í miðbæ Reykjavíkur. Þar virðist af nógu að taka, og vísbendingar um mikið athafnasvæði, mannabústaði og fiskvinnslu, meðal annars.

„Við höfum fundið hér framhald af sautján metra löngum viðarstíg sem gengur undir Kirkjustrætið og erum búin að forverja mestan hlutann af honum,“ segir Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur, sem stýrir uppgreftrinum.

Unnar birkigreinar hafi til forna verið lagðar þvert ofan á malarkamb fyrir miðju svæðinu.

„Hann er ysti hlutinn af þessu vinnusvæði, sem er bæði járngerðar- og kolagrafasvæði, segir hún. Gaman væri að elta viðarstíginn undir Kirkjustrætið og sjá hvert hann liggur. „En ég væri líka til í að fara í Tjarnargötuna. Það er heil 12. aldar bygging að fara undir hana, sem við sjáum bara hluta af.“

Vala segir að á athafnasvæðinu hafi verið ýmsar litlar smiðjur og dýrahald. Einnig hafi þar verið verkað skinn. „Svo er lítil bygging að koma í ljós, sem virðist við fyrstu sýn vera mannabústaður, þar er vísir að eldstæði að koma í ljós,“ segir hún.

Á svæðinu hafi mikið gengið á, frá fyrstu tíð og fram á 11. og 12. öld. En eru engar yngri fornleifar?

„Svo hafa því miður verið miklar framkvæmdir hérna á nítjándu og tuttugustu öld sem hafa raskað fornleifunum frá miðöldum, þannig að við höfum enga heildstæða mynd af miðaldarsamfélaginu, því miður,“ segir Vala.

Þó hafi fundist fiskvinnslusvæði við norðurhluta Tjarnarinnar frá 13. til 14. öld. Á því svæði virðist hafa verið stöðug búseta í tvö hundruð ár.

Uppgreftrinum á Alþingisreitnum á að vera lokið í lok október, en Vala segist ekki gera ráð fyrir að það takist að klára öll verkefnin fyrir þann tíma.

**klemens@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## VÉBORG Á MIG

Vala og félagar fundu hálfan grænan snældusnúð í október síðastliðnum. Á honum stóð „Þórunn á mig“ með rúnaletri og var letrið talið með því elsta sem fundist hefur á Íslandi, eða frá elleftu öld. Hann er úr grænum sandsteini.

Nýlega fannst svo annar snældusnúður í heilu lagi. Sá er grænn og tilheyrði annarri konu. „Véborg á mig“ segir steinninn, en að auki eru átta rúnir, sem erfitt er að ráða í.

„Þetta eru gamlar rúnir og þessi snúður er eldri en sá græni, miðað við jarðlögin. Letrið virðist líka eldra á rauða snældusnúðinum þó þeir flokkist undir sömu tegund, sem er knésól. Þetta er tíundu aldar rún, kannski elleftu aldar, og flokkast sem víkingaöldin. Þetta er eitt elsta rúnaletur sem hefur fundist á landinu.“



**GRJÓTKAST** Miklar óeirðir brutust út í hafnarborginni Hamborg í Þýskalandi um helgina.

Skemmtun leystist upp:

# Óeirðaseggir grýttu lögreglu

**ÞÝSKALAND, AP** Útiskemmtun vinstrimanna í Hamborg snerist upp í óeirðir í fyrrakvöld. Alls voru 67 handteknir eftir að gestir hófu að grýta lögreglu. Yfirvöld segja að hópurinn hafi kveikt í nærliggjandi ruslafötum, vegatálmum og lögreglubifreið. Hinir handteknu verða ákærðir fyrir eignaspjöll.

Um 1.800 lögreglumenn voru kallaðir á vettvang til að lægja öldurnar. Lögreglumenn sprautuðu vatni á óeirðaseggi og einnig var kylfum beitt í átökunum. Um 28 lögreglumenn særðust.

Ekki er vitað hvað hleypti hópnum upp en samkoman fór friðsamlega fram megnið af kvöldinu. **- kbs**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fullir fangaklefar á Akranesi

Írskir dagar fóru fram á Akranesi um helgina. Talið er að um þrjú þúsund manns hafi heimsótt bæinn og hafði lögreglan í nógu að snúast. Mikil ölvun var og fangageymslur voru fullar. Að mestu leyti voru um smávægileg mál að ræða.






## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir Veðurfréttamaður

**FLOTT VIKA** Vikan verður hægviðrasöm og björt en hæðarsvæði norður af landinu þokast suður og mun stýra veðrinu hjá okkur næstu daga. Í dag verður víða skýjað með köflum og dálítil þokusúld við suður- og austurströndina en á morgun verður yfirleitt orðið þokkalega bjart.



Á MORGUN
Hæg breytileg átt.

MIÐVIKUDAGUR
Hæg breytileg átt.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 24° |
| Berlín | 28° |
| Billund | 22° |
| Eindhoven | 21° |
| Frankfurt | 27° |
| Friedrichshafen | 22° |
| Gautaborg | 23° |
| Kaupmannahöfn | 23° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 19° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 28° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 21° |
| París | 23° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 16° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




# TAX FREE!
# Pallaefni

## SÍÐUSTU DAGAR
## TAX FREE AF ÖLLU FÚAVÖRÐU TIMBRI FYRIR SÓLPALLINN

gildir til 8. júlí

HÚSASMIÐJAN x blómaval | Frábær saman

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

## KJÖRKASSINN



*Vilt þú að skólaárið í barnaskólum verði stytt frekar en að grunnþjónusta verði skert?*

| | |
|---|---|
| Já | 83,6% |
| Nei | 16,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Veist þú um fólk sem þiggur atvinnuleysisbætur þrátt fyrir að vera í vinnu?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

vísir

Fyrrverandi seðlabankastjóri ósammála sjálfum sér í helgarviðtali:

# Davíð hrósaði Icesave áður fyrr

**BANKAHRUNIÐ** Davíð Oddsson, fyrrum seðlabankastjóri, virðist vera tvísaga um skoðun sína á erlendri innlánasöfnun Landsbankans, eða Icesave, og segist hafa verið á móti þeim, á sama tíma og viðtöl birtust við hann þar sem hann hrósaði reikningunum.

Í sunnudagsútgáfu Morgunblaðsins segist Davíð hafa sagt bankastjórum Landsbankans að þeir gætu ekki safnað peningum endalaust erlendis á ríkisábyrgð; þeir mættu ekki setja þjóðina á hausinn. Á sama tíma lofsöng Davíð bankann og reikningana í viðtali við fjölmiðla, eins og kom fram á Stöð tvö í gær.



**DAVÍÐ ODDSSON** Vitnaði í skýrslu sem virðist ekki vera til, en samsvarandi skýrsla finnst hjá annarri stofnun.

„Ég myndi ekki segja annað en að það væri góð ákvörðun að nýta sér þá möguleika að leggja sparifé sitt inn í Landsbankann,“ sagði hann til að mynda í viðtali við tímaritið Monocle í febrúar síðastliðnum. Eðlilegra væri að endurfjármagna sig með slíkum innlánum en á bankamarkaði. „Ég held að við ættum að hrósa þeim fyrir það en ekki refsa þeim,“ sagði Davíð þá.

Í viðtalinu vísaði Davíð í skýrslu OECD um innistæðutryggingar. Ótækt væri að sú skýrsla yrði ekki gerð opinber.

Starfsmenn utanríkisráðuneytisins fullyrtu í gær að þessi skýrsla fyndist ekki í stjórnkerfinu. Hins vegar væri til svipuð skýrsla frá franska seðlabankanum, sem nálgast megi á heimasíðu bankans. Þar standi hins vegar að opinber aðilar eigi einmitt að bera ábyrgð á innistæðunum, öfugt við það sem Davíð hélt fram. **- kóþ**

Ehud Barak til London:

# Reynir að sannfæra Mitchell

**ÍSRAEL, AP** Ehud Barak, varnarmálaráðherra Ísraels, segist vongast til þess að ná árangri á fundi með George Mitchell, sendifulltrúa Bandaríkjanna. Þeir hittast í London í dag.

Bandaríkjastjórn hefur undanfarið ekki farið dult með óánægju sína með framferði Ísraela gagnvart Palestínumönnum. Benjamin Netanjahú forsætisráðherra sagði hins vegar á ríkisstjórnarfundi í gærmorgun að sér hefði tekist að „skapa þjóðareiningu“ um tveggja ríkja lausn, þar sem Palestínumenn fengju að stofna sitt ríki ef þeir féllu frá mörgum helstu baráttumálum sínum. **- gb**

Bílavarahlutir



Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

Bílavarahlutir



Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

# Hlutafjárútboðið skilaði milljörðum

**Jafnvirði tíu milljarða króna safnaðist í hlutafjárútboði kanadíska orkufyrirtækisins Magma Energy, sem hefur hug á að kaupa HS Orku ásamt íslenska fyrirtækinu Geysir Green Energy. Eigendalisti nýja hlutafjárins verður birtur í dag.**

**ORKUMÁL** Kanadíska orkufyrirtækið Magma Energy, sem hefur hug á að kaupa stóran hlut í HS Orku, er ekki gamalt í hettunni. Það var stofnað í byrjun síðasta árs og skráð á markað í Kanada fyrir fáeinum vikum.

Stofnandi fyrirtækisins er Ross Beaty, tæplega sextugur jarðfræðingur sem áratugum saman hefur rekið silfurnámur, bæði í Bandaríkjunum og Suður-Ameríku. Hann hefur stofnað hverja námuna af annarri og síðan selt þær með góðum hagnaði, og þannig náð að auðgast verulega.

Fjárfestar hafa fylgst af auknum áhuga með ferli hans og sýndu því nýja fyrirtækinu strax mikinn áhuga þótt Beaty sé þarna kominn út í jarðvarmavinnslu í stað silfurvinnslunnar, sem hann hafði áður einbeitt sér að. Á fáeinum vikum söfnuðust 100 milljónir Kanadadala í nýtt hlutafé, en sú upphæð samsvarar rúmlega tíu milljörðum króna á núverandi gengi.

Fyrirtækið er aðeins hálfs annars árs gamalt, en er þegar komið með starfsemi á nokkrum stöðum í austanverðum Bandaríkjunum, bæði fullbúið orkuver og tilraunaboranir, auk þess að vera með þróunarverkefni í Chile, Argentínu og Perú.

Fyrir rúmri viku bárust fréttir af því að Reykjanesbær hygðist selja hlut sinn í HS Orku til Geysis til þess að fjármagna kaup bæjarins á HS Veitum auk landareigna og auðlinda af HS Orku, og tryggja þar með að veitufyrirtækið og auðlindirnar verði í opinberri eigu.

Í dag verður gert opinbert í Kanada hverjir eru eigendur nýs hlutafjár í Magma, eftir hlutafjáraukninguna sem gerð var í tengslum við skráningu félagsins á markað þar í landi. Þá kemur í ljós hvort einhverjir þeirra eru Íslendingar.

guðsteinn@frettabladid.is



### FYRIRHUGUÐ EIGENDASKIPTI Í HS ORKU

**Núverandi eigendur HS Orku eru:**
- Reykjanesbær 34,75 prósent
- Geysir Green Energy 32 prósent
- Orkuveita Reykjavíkur 16,58 prósent
- Hafnarfjarðarbær 15.42 prósent
- Grindavíkurbær, Sandgerðisbær, Garður og Vogar eiga einnig hlut í HS Orku, innan við eitt prósent hvert bæjarfélag.

Hugmyndin er sú að Geysir kaupi næstum allan hlut Reykjanesbæjar í HS Orku, eða 34 prósent, en síðan kaupi Magma Energy 10,8 prósenta hlut frá Geysi og samtals 32 prósenta hlut Orkuveitu Reykjavíkur og Hafnarfjarðarbæjar. Eignarhald í SH Orku eftir breytingarnar verði því sem hér segir:

- Magma Energy 42,8 prósent
- Geysir Green Energy 55,2 prósent
- Reykjanesbær haldi eftir 0,75 prósenta hlut og Grindavíkurbær, Sandgerðisbær, Garður og Vogar haldi sömuleiðis sínum hlut.




Búist er við því að gríðarlegur fjöldi fólks safnist saman í Los Angeles á morgun:

# Milljónir við minningarathöfn

**BANDARÍKIN, AP** Ellefu þúsund aðdáendur Michaels Jackson fá að vera viðstaddir minningarathöfnina um hann í Staples Center í Los Angeles á morgun. Þá fá 6.500 manns til viðbótar að fylgjast með athöfninni í Nokia-leikhúsinu sem er í næsta húsi.

1,6 milljónir manna reyndu að fá miða á athöfnina, en 8.750 nöfn voru dregin af handahófi og fengu þeir heppnu tvo miða á mann. Gripið hefur verið til umfangsmikilla aðgerða til að koma í veg fyrir að miðar verði falsaðir. Vinningshöfum var sendur sérstakur kóði og upplýsingar um hvert þeir mættu sækja miðana. Þegar þeir sækja miðana í dag fá þeir sérstakt band um úlnliðinn og þurfa að sýna bæði miðana og úlnliðsbandið til þess að komast inn. Þá ætlar lögregla að loka öllum nálægum götum til þess að koma í veg fyrir að fólk án miða safnist þar saman.

Búist er við því að meira en milljón manns reyni að komast nálægt svæðinu þrátt fyrir þetta. Fjöldi fólks mun ferðast annars staðar frá og herma heimildir að öll flug til borgarinnar séu uppbókuð. Athöfninni verður sjónvarpað í beinni útsendingu á fimm sjónvarpsstöðvum, NBC, ABC, CNN, MSNBC og E!.

Fjölskylda Jacksons ætlar svo að halda aðra lokaða minningarathöfn en ekki hefur verið greint frekar frá því hvernig hún mun fara fram. **- þeb**



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**JACKSONS MINNST** Gríðarlegur fjöldi fólks hefur skrifað nafn sitt á stórt skilti til minningar um Michael Jackson fyrir utan Staples Center í Los Angeles, þar sem minningarathöfn verður haldin á morgun.



• *Myndin er frá æfingu fimleikaflokks í samkomuhúsi Akureyrar fyrir 1. landsmót ungmennafélaganna sem haldið var 1909.*

# Landsmót ungmennafélaganna í heila öld

## Landsmót UMFÍ á Akureyri 9. – 12. júlí 2009

**Fyrir hundrað árum** var fyrsta landsmót ungmennafélaganna haldið á Akureyri. Bæjarfógeti setti mótið og séra Matthías Jochumsson hélt ræðu fyrir æsku landsins. Síðan hófst keppni í glímu, stökkum og hlaupum.

**Einn af viðburðum mótsins** var knattspyrnuleikur milli Húsvíkinga og Akureyringa. Akureyringar náðu að skora eina mark leiksins og báru sigur úr býtum. Að launum fékk sigurliðið flaggstöng.

**Á Akureyri voru landsmót einnig haldin árin 1955 og 1981.** Það verða því sannkölluð tímamót þegar 26. landsmót UMFÍ fer fram fjórða sinni á Akureyri 9.–12. júlí 2009.

**Landsmótin eru stórviðburður á Íslandi.** Keppendur eru margir og áhorfendur enn fleiri, enda mikil fjölbreytni í keppnisgreinum. Á landsmótum er keppt í mörgum íþróttum auk ýmissa starfsíþrótta, allt frá dráttarvélarakstri til pönnukökubaksturs.

Þeir sem fylgst hafa með eða tekið þátt í landsmóti eru sammála um að þar ráða æskan, hreystin og lífsgleðin ríkjum. **Alcoa Fjarðaáli er því sönn ánægja að styrkja mótshaldið í ár.**

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál

ALCOA




Bílahreinsivörur

PAKKI 1
Verð áður 6.736.-
TILBOÐ
2.990.-
Þú sparar
3.746.-

Merki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.



Orkuveita Reykjavíkur

Sögur og sagnir í Elliðaárdal

Gengið ofan Árbæjarstíflu. Þriðjudagskvöldið 7. júlí verður farin göngu- og fræðsluferð í Elliðaárdal undir leiðsögn Stefáns Pálssonar sagnfræðings. Dalurinn á sér merka sögu, allt frá komu Ketilbjarnar gamla landnámsmannsins þangað. Gengið verður um og sagðar sögur. Mæting er kl. 19.30 við Minjasafnið í Elliðaárdal.



ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 46311 06/09

• Allt dreifikerfi rafmagnsveitu er neðanjarðar og er því ekki sjónmengun eins og víða erlendis. www.or.is


Borgarráð samþykkti rekstur nýs einkaskóla með áherslu á verklag og tækni:

# Tæknigrunnskóli handa unglingum

**SKÓLAR** „Það er gífurlega gott mál og tvímælalaust þörf fyrir þetta nám,“ segir Kjartan Magnússon, formaður menntaráðs Reykjavíkur, um stofnun Tæknigrunnskólans sem rekinn verður af einkaaðilum.

Í hinum nýja Tæknigrunnskóla verður lögð áhersla á iðn- og tæknigreinar og sótt um sérstaka undanþágu frá ákvæðum aðalnámskrár til að koma þeirri stefnu við. Borgarráð samþykkti á fimmtudag að heimila rekstur skólans á vegum Nýja skólakerfisins ehf.

Í greinargerð sem lögð var fram í borgarráði segir að markmið Tæknigrunnskólans sé að efla hjá nemendum á unglingastigi verklega og tæknilega hugsun sem og frumkvöðlahugsun. „Í öðru lagi er markmiðið að efla hjá þeim lífssýn sem undirbýr þá undir hlutverk sjálfstæðra og ábyrgra þegna. Í þriðja lagi að veita nemendum trausta undirstöðumenntun sem grunn að námi á næsta skólastigi á eftir,“ segir í greinargerðinni.



**KJARTAN MAGNÚSSON** Formaður menntaráðs Reykjavíkur segir tvímælalaust þörf fyrir þjónustu Tæknigrunnskólans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ekki hefur enn verið fundinn staður fyrir Tæknigrunnskólann en áhugi mun vera fyrir því hann verði sem næst Iðnskólanum í Reykjavík. Kjartan Magnússon segir tvísýnt að það náist að hefja skólastarfið strax í haust.

Fulltrúi VG í menntaráði sagði að frekar ætti að innleiða stefnu Tæknigrunnskólans í einhverjum grunnskólanna sem fyrir eru og greiddi atkvæði á móti. Fulltrúi Samfylkingar sat hjá. - gar

# Fátt getur stöðvað hrinu gjaldþrota

**Um 1.500 til 2.000 fyrirtæki gætu verið tekin til gjaldþrotaskipta til ársloka 2010. Gjaldþrot eiga eftir að aukast enn frekar og botninum verður náð á næsta ári. Fátt getur snúið þessari þróun við, segir hagfræðingur Íslandsbanka.**

**EFNAHAGSMÁL** Gjaldþrotum hefur fjölgað um 37 prósent á fyrstu fimm mánuðum þessa árs. Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Íslandsbanka, telur fátt geta snúið við fjölgun gjaldþrota á næstu misserum.

Hagstofan birti nýverið tölur um gjaldþrot fyrirtækja í maí. Gjaldþrotum fyrirtækja fækkaði um ellefu prósent í maí samanborið við sama mánuð fyrir ári. Þrátt fyrir það hefur gjaldþrotum fjölgað um 37 prósent á fyrstu fimm mánuðum ársins samanborið við sama tímabil fyrir ári. Í maí 2009 voru 66 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta samanborið við 74 fyrirtæki í maí 2008. Flest gjaldþrot voru í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, tuttugu talsins, og níu í heild- og smásöluverslun.

Ingólfur segir að fækkun gjaldþrota í maí sé tímabundin og endurspegli ekki þá þróun sem eigi sér stað um þessar mundir. „Þróunin hefur klárlega verið í átt til fleiri gjaldþrota og óvarlegt að lesa í þessar tölur að niðursveiflan sé eitthvað minni en menn áttu von á.“

Hann bætir við að fátt geti orðið til þess að snúa þessari þróun við þar sem viðskiptaumhverfi fyrirtækja hafi ekki batnað að undanförnu. Krónan hafi verið að veikjast, eftirspurn innanlands sem erlendis hafi dregist saman auk þess sem eignir hafi verið að lækka í verði.

Aðspurður segist Ingólfur gera ráð fyrir að þessi fjölgun gjaldþrota muni halda áfram. „Eftir því sem þessi kreppa grefur sig dýpra á gjaldþrotum eftir að fjölga enn frekar,“ segir Ingólfur. Hann segir líklegt að botninum verði náð á næsta ári. Hann bendir þó á að gjaldþrot séu tafinn hagvísir sem elti hagsveifluna og því sé erfitt að spá fyrir um þau með vissu.



**GJALDÞROTUM MUN FJÖLGA** Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Íslandsbanka, segir að gjaldþrotum muni fjölga á næstunni. Fátt geti dregið úr gjaldþrotum þar sem viðskiptaumhverfi fyrirtækja hafi ekki batnað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Þróunin hefur klárlega verið í átt til fleiri gjaldþrota og óvarlegt að lesa í þessar tölur að niðursveiflan sé eitthvað minni en menn áttu von.“
>
> **INGÓLFUR BENDER**
> FORSTÖÐUMAÐUR GREININGARDEILDAR

Alls voru 413 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta á fyrstu fimm mánuðum ársins, samanborið við 301 fyrirtæki á sama tímabili í fyrra. Að meðaltali voru því 82 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta í hverjum mánuði. Ef fram heldur sem horfir munu því um 1.500 til 2.000 fyrirtæki verða tekin til gjaldþrotaskipta fram til ársloka 2010. Árið 2005 voru 529 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta og 748 árið 2008. Alls voru 57.522 fyrirtæki skráð á Íslandi á síðasta ári. bta@frettabladid.is


SIEMENS

Tilboðsvika

Stórglæsileg tilboð í verslun okkar. Fjöldi tilboða á smátækjum, ljósum og símtækjum aðeins þessa vikuna.

Umboðsmenn um land allt.

Láttu sjá þig og gerðu góð kaup.

Öll tilboð gilda til og með 10. júlí 2009 eða á meðan birgðir endast.



Brauðrist
Tilboðsverð: 6.300 kr. stgr.
Fullt verð: 7.600 kr. stgr.

Stavanger-línan

Borðlampi
Tilboðverð: 6.900 kr. stgr.
Fullt verð: 8.900 kr. stgr.
Vegglampi
Tilboðverð: 4.900 kr. stgr.
Fullt verð: 6.900 kr. stgr.

Töfrasproti
Tilboðsverð: 11.900 kr. stgr.
Fullt verð: 14.900 kr. stgr.

Blandari
Tilboðsverð: 13.900 kr. stgr.
Fullt verð: 16.900 kr. stgr.

Spieler – borðlampar
Tilboðsverð: 4.900 kr. stgr.
Fullt verð: 7.900 kr. stgr.

Dyrasímastöð
Tilboðsverð: 173.900 kr. stgr.
Fullt verð: 234.700 kr. stgr.



SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

ATARNA










## 40–50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SÆNGURFATNAÐI
## ATH! AÐEINS ÚT ÞESSA VIKU

### Mikið úrval af hágæða sængurfatnaði á ótrúlegu verði

Rekkjan er með stórglæsilega sængurfatadeild með miklu úrvali af sængurfötum. Meðal annars bjóðum við sængurföt frá þýska framleiðandanum Brennet sem hefur sérhæft sig í vönduðum sængurverum frá árinu 1881. Brennet notar eingöngu hágæða efni í vörur sínar, t.d. 100% Mako bómullarsatín. Brennet er einn örfárra sængurveraframleiðanda í heiminum sem hefur leyfi til þess að nota hitajöfnunarefnið Outlast í vörur sínar.




Sængurver (140x200 cm) og koddaver (50x70 cm)
Verð frá 5.300 kr.
**Verð nú frá 3.180 kr.**

## 30% AFSLÁTTUR Á ÞRÝSTIJÖFNUNAR-SVAMPSRÚMUM



ÞRÝSTIJÖFNUNAR-SVAMPSRÚM
(Queen size 153x203)
Verð frá 165.500 kr.
**Verð nú frá 115.850 kr.**

- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Engin hreyfing milli svefnsvæða
- Hefur óviðjafnanlega þyngdardreyfingu
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð

ARGHI 060709

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Vegamannvirki verður að byggja þar sem þörfin er brýnust.

## Ábyrgð forgangsröðun verkefna

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Vegabætur á Suður- og Vesturlandsvegi eru langbrýnustu samgönguverkefnin á Íslandi. Þetta verður samgönguráðherra að horfast í augu við og hafa að leiðarljósi þegar vegagerðarverkefnum er forgangsraðað.

Hér tala tölurnar sínu máli. Á árunum 2002 til 2008 urðu tólf banaslys á Suðurlandsvegi milli Reykjavíkur og Selfoss og sjö á Vesturlandsvegi milli Reykjavíkur og Borgarness. Á sama tíma varð eitt dauðaslys á veginum um Víkurskarð sem til stendur að leysa af hólmi með Vaðlaheiðargöngum.

Ef litið er á lista yfir þá samgönguráðherra sem setið hafa á Íslandi undangengin 50 ár sést að með litlum undantekningum hefur verið um landsbyggðarþingmenn að ræða. Þessi hefð samfara ríkri hefð fyrir kjördæmapoti hefur reynst dýrkeypt fyrir vegakerfi landsins og þá sem það nota.

Enginn efast um gildi góðra samgangna fyrir dreifðari byggðir. Hitt er ótækt að forgangsraða dýrum umferðarmannvirkjum í kjördæmum samgönguráðherra meðan augljósar slysagildrur í vegakerfinu standa óhaggaðar.

Kristján Möller samgönguráðherra lýsti því yfir í Fréttablaðinu á fimmtudag að engin forgangsröðun hefði átt sér stað á þeim vegaframkvæmdum sem nú eru á undirbúningsstigi. Það eru góðar fréttir ef þær eru réttar. Binda verður vonir við að ráðherrann hafi alfarið skynsemis- og hagkvæmnissjónarmið að leiðarljósi við forgangsröðun þessara verkefna og snúi baki við fyrri hefð samgönguráðherra og hafi heildarhagsmuni þjóðarinnar í heiðri.

Markmið stjórnvalda er að látnum og alvarlega slösuðum í umferðarslysum fækki um fimm prósent á ári og verði komin niður í 100 á árinu 2016. Frá því að þessi áætlun var gerð hefur dauðaslysum í umferð á Íslandi vissulega fækkað og er það gleðilegt. Verra er að alvarlega slösuðum í umferðinni hefur fjölgað til muna undanfarin ár og voru 200 í fyrra en 115 árið 2004. Ætla verður að markmið stjórnvalda sé að leita allra leiða til að snúa þessari þróun við og stuðla að því að fækka nú einnig þeim sem slasast alvarlega í umferðarslysum.

Aldrei er brýnna en í hörðu ári að vanda til forgangsröðunar verkefna. Bygging vega sem eru tveir plús tveir og/eða tveir plús einn frá Reykjavík í Borgarnes annars vegar og á Selfoss hins vegar eru brýnustu verkefni í vegagerð á Íslandi. Hefjast verður handa við þá hluta þeirra framkvæmda sem lengst eru komnar í undirbúningi hið fyrsta og halda svo áfram verkinu eins og kostur er miðað við efnahagslegar forsendur.

Göng um Vaðlaheiði skipta vissulega máli fyrir búsetu og atvinnulíf á Norðurlandi. Hins vegar hlýtur sú framkvæmd að bíða þar til framkvæmdum við allra fjölförnustu hluta þjóðvegar eitt er lokið eða þar til efnahagslegar forsendur eru til þess að hefja verkið án þess að það tefji hitt.

Allt annað er óábyrgt. Hér er um líf og heilsu fjöldamargra að tefla.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Þjóðin snuðar Davíð**

Það ætlar ekki af Davíð Oddssyni að ganga. Fyrst var honum bolað úr embætti Seðlabankastjóra af stjórnmálamönnum sem af fáheyrðri óbilgirni gátu ekki séð í gegnum fingur sér með að eitt lítið efnahagskerfi hefði lagst á hliðina – og nú síðast greindi DV frá því að Davíð hefði verið rækilega snuðaður af ríkinu þegar hann keypti Subaru Tribeca bankastjórajeppann sinn af Seðlabankanum í apríl á 4,1 milljón, þótt hann hafi líklega ekki verið nema 3,3 milljóna virði að mati bílasala. Því má færa gild rök fyrir því að íslenska þjóðin skuldi Davíð Oddssyni nú 800 þúsund krónur. Spurning hvort það megi ekki bara bæta þeim við biðlaunin hans.



**Ég mun hætta – aftur**

Friðrik Sophusson hefur lýst því yfir að hann muni hætta sem forstjóri Landsvirkjunar í haust. Minnugir muna að Friðrik gaf út sams konar yfirlýsingu fyrir ári en hætti svo við að hætta, jafnvel þótt staða hans hefði verið auglýst og 55 sótt um. Ein kenningin var sú að búið hefði verið að ákveða að Halldór J. Kristjánsson Landsbankastjóri myndi hreppa hnossið. Síðan hafi alkunn ósköp dunið yfir í bankaheiminum og margt miður fagurt ratað upp á yfirborðið. Í því ljósi hafi ekki þótt líklegt til vinsælda að skipa Halldór í stöðuna og því þurft frest til að finna annan verðugan arftaka fyrir Friðrik. Skyldi hann þá loksins vera fundinn?



**Allt upp á borðið**

Minnugir muna einnig að umsækjendurnir 55 nutu þá nafnleyndar, samkvæmt einróma ákvörðun stjórnar Landsvirkjunar, fyrirtækis í eigu almennings. Þetta var gagnrýnt – meðal annars af þingmönnum Vinstri grænna. Í ljósi tíðra yfirlýsinga ríkisstjórnarinnar um mikilvægi gagnsæis má gera ráð fyrir að á þessu verði gerð bragarbót í annarri atrennu.

stigur@frettabladid.is

# Fjórða skilanefndin



ODDNÝ STURLUDÓTTIR

Í DAG | Icesave

Það hefur verið undarleg upplifun að fylgjast með Alþingi síðustu vikur. Öllum þingheimi ætti að vera ljóst að staða Íslands í alþjóðasamfélaginu er viðkvæm, fjárhagsstaða íslenska ríkisins veik og þjóðin skekin eftir erfiðan vetur og óvissu um framtíðina. Frá upphafi samskipta Íslendinga við Breta og Hollendinga vegna Icesave-málsins var gengið út frá því að við ábyrgðumst lágmarkstryggingar innstæðna eins og lög og reglur á EES-svæðinu og tilskipun ESB gera ráð fyrir. Með því eru Íslendingar ekki að taka á sig meiri byrðar en skylt er. Fjárhæðirnar sem um ræðir eru sannarlega háar og okkur þykir blóðugt að þurfa að greiða þær, en það virðist því miður óumflýjanlegt. Hið jákvæða er þó að samningurinn er þess eðlis að sjö ár eru til fyrstu greiðslu og vextir umtalsvert lægri en líkur stóðu til miðað við gang samningaviðræðna framan af. Samninginn má endurskoða og endurfjármagna og þó að óvissa sé til staðar eru góðar líkur á því að eignasafn Landsbankans gangi upp í skuldir.

**Samskipti þjóða**

Stefán Hallur Stefánsson leikari er á leið til Frakklands í haust að sýna Júlíus Sesar eftir Shakespeare. Sýningin hefur þegar ferðast um Bandaríkin en Arthur Nauzyciel, leikstjóri Sædýrasafnsins, hafði samband við Stefán fyrir Frakklandstúrinn sem hefst í október. Stefán Leikur Caius Ligarius, samstarfsmann Brútusar.

Sýningin var opnunaratriði Avignon-leiklistarhátíðina síðustu, en hátíðin er næststærst sinnar tegundar í Evrópu og kemur einvalalið úr Orléans leikhúsinu og American Repertory-leikhúsinu í Boston, nokkurs konar undirdeild Steppenwolf-leikhússins, að sýningunni.

Stefán Hallur er í láni frá Þjóðleikhúsinu. „Ég sé auðvitað eftir því að fá ekki að starfa með þessu frábæra fólki sem er að fara að setja upp Brennuvargana, en það stóð til að ég myndi leika í því. Vonandi kemur maður heim reynslunni ríkari og getur lagt eitthvað af mörkum til íslenskrar leiklistar.“

Sumarið er sannkallað bíósumar hjá Stefáni, en hann leikur í Hátíð í bæ, mynd Hilmars Oddssonar, Jóhannesi og Roklandi. „Í Jóhannesi leik ég frekar aggressívan einstakling sem hundeltir Ladda fyrir að reyna við kærustuna sína, sem Unnur Birna leikur. Svo eru tökur á Roklandi að byrja núna 23. júlí. Þar leik ég Vidda, bróður Ólafs Darra, sem er kvensamur leikari og hlýtur makleg málagjöld.“

Hvernig leggst verkefnið í hann? „Mjög vel. Þetta verður kærkomin reynsla og örugglega dálítið gaman. Þarna koma saman bæði amerískir og franskir straumar. Það verður gaman að sjá hvernig þessi blanda virkar. Sérstaklega með einn lítinn Íslending þarna inni á milli.“ - kbs










## > ÍR vann á meistaramótinu

Sveit ÍR fagnaði sigri á meistaramóti Íslands í frjálsíþróttum sem fór fram á Kópavogsvelli um helgina. ÍR hlaut samtals 40.207 stig en FH varð í öðru sæti með 38.163 stig. Liðin höfðu mikið forskot á Breiðablik, sem varð í þriðja sæti með 17.610 stig. FH-ingar hlutu flest stig í karlaflokki en ÍR-ingar í kvennaflokki. Jóhanna Ingadóttir náði bestu árangri í kvennaflokki er hún stökk 6,17 metra í langstökki en þeir Bergur Ingi Pétursson sleggjukastari og kúluvarparinn Óðinn Björn Þorsteinsson náðu besta árangrinum í karlaflokki.




# sport

sport@frettabladid.is

**EYJAMENN SVEKKTIR EFTIR TAP Í BIKARNUM:** EIGUM HEIMA Í ÚRVALSDEILDINNI

# *FH-ingar þurftu framlengingu í Eyjum*



Það var mikið rok þegar Eyjamenn tóku á móti FH-ingum í annað sinn á einni viku í gær. FH-ingar fóru óverðskuldað með sigur af hólmi, 3-2, í æsispennandi framlengdum leik.

Tryggvi Guðmundsson kom FH yfir á 10. mínútu en hann skoraði eftir hornspyrnu. Leikmenn ÍBV gáfust þó ekki upp og jöfnuðu leikinn á 16. mínútu en þar var að verki Tonny Mawejje sem skallaði boltann í netið eftir frábæra sendingu frá Þórarni Valdimarssyni.

„Við lögðum upp með að bakka, reyndum að minnka sendingaflæði í gegnum vörnina og það virkaði ágætlega," sagði Elías Stefnisson, markvörður ÍBV, eftir leikinn. Elías átti flottan leik í markinu og bjargaði oft ótrúlega. Elías sagði einnig að honum þætti menn hafa verið heldur fljótir að dæma ÍBV úr leik. „Við sýndum það í dag en við eigum heima í úrvalsdeild hvað sem hver segir."

Seinni hálfleikurinn var afar skemmtilegur, hraður og bæði lið sýndu á köflum frábæra takta en það var Atli Guðnason sem kom gestunum aftur yfir á 80. mínútu.

Eyjamenn neituðu aftur að gefast upp og jöfnuðu á 87. mínútu, Matt Garner tók aukaspyrnu, spyrnan sveif inn á teig þar sem boltinn datt fyrir Ajay Smith sem hamraði boltann í netið af stuttu færi.

Leikurinn fór því í framlengingu, í henni áttu bæði lið tækifæri á að klára leikinn. Hetja leiksins var hins vegar Alexander Söderlund sem hafði komið inn á sem varamaður fyrr í leiknum. Hann var áberandi slakasti maðurinn á vellinum en tveimur mínútum fyrir lok framlengingar fékk hann boltann inn á teig og skaut í varnarmann og inn þvert gegn gangi leiksins unnu FH-ingar.

„Hausinn á mönnum var ekki alveg á réttum stað í dag en þetta hófst að lokum," sagði Ásgeir Gunnar Ásgeirsson eftir leikinn. Hann vildi þó ekki meina að um vanmat hefði verið að ræða. „Við komumst snemma yfir og þá héldu menn að þetta væri búið en Eyjamenn börðust vel særðir eftir síðustu leiki."



**SIGURVEGARI** Federer hefur unnið 15 risatitla á ferlinum. NORDIC PHOTOS/AFP

Federer vann á Wimbledon:

## Sögulegur sigur

**TENNIS** Úrslitaviðureignin í einliðaleik karla á Wimbledon-mótinu í tennis í gær var söguleg fyrir margar sakir. Roger Federer vann Andy Roddick í maraþon viðureign en oddasettið fór 16-14 fyrir Federer. Venjulega er bráðabani í stöðunni 6-6 en ekki í oddalotum á stórmótum.

Þetta var fimmtándi risatitill Federers á ferlinum og bætti hann þar með met Pete Sampras. - esá

## ÚRSLIT

*VISA-bikar karla:*

**ÍBV - FH** **2-3**
0-1 Tryggvi Guðmundsson (11.), 1-1 Tony Mawejje (16.), 1-2 Atli Guðnason (80.), 2-2 Ajay Leitch-Smith (87.), 2-3 Alexander Söderlund (118.)

**Keflavík - Þór** **2-1**
0-1 Ármann Pétur Ævarsson (21.), 1-1 Jón Gunnar Eysteinsson (83.), 2-1 Stefán Örn Arnarson (89.).

**Breiðablik - Höttur** **3-1**
0-1 Anton Ástvaldsson (50.), 1-1 Elfar Freyr Helgason (80.), 2-1 Arnór Sveinn Aðalsteinsson (99.), 3-1 Arnór Sveinn Aðalsteinsson (111.).

**Fram - Grindavík** **1-0**
1-0 Hjálmar Þórarinsson (91.)

**Fylkir - Fjarðabyggð** **6-1**
1-0 Einar Pétursson (12.), 2-0 Jóhann Þórhallsson v (53.), 3-0 Jóhann (60.), 4-0 Albert Brynjar Ingason (61.), 5-0 Ingimundur Níels Óskarsson (78.), 5-1 Högni Helgason (85.), 6-1 Jóhann (87.)

**NÆSTU LEIKIR**

16-liða úrslitum lýkur með þremur leikjum í kvöld:

| | |
|---|---|
| **Valur - KA** | **18.00** |
| Víðir - KR | 19.15 |
| **HK - Reynir, Sandgerði** | **19.15** |

# Hjálmar kom til hjálpar

**Hjálmar Þórarinsson var hetja Framara er hann tryggði þeim 1-0 sigur á Grindavík í 16-liða úrslitum VISA-bikarkeppninnar í gær. Eftir nokkuð litlausar 90 mínútur þurfti að framlengja leikinn en sigurmarkið kom strax í upphafi hennar.**

**FÓTBOLTI** Framarar verða í pottinum þegar dregið verður í átta liða úrslit VISA-bikarsins en þeir unnu Grindavík 1-0 í framlengingu í gær.

Hjálmar Þórarinsson skoraði eina markið í Laugardalnum í gær strax í byrjun framlengingarinnar. Skemmtanagildi leiksins var ekki mjög hátt en Frömurum er væntanlega alveg sama um það.

„Þetta var ekki skemmtilegasti leikur okkar í sumar en þetta hafðist," sagði Hjálmar en hann byrjaði á bekknum en kom inn á sem varamaður vegna meiðsla í fyrri hálfleik. „Það hefur verið mikið álag á okkur að undanförnu og ég byrjaði á bekknum. Ég var samt ákveðinn í að sanna mig þegar ég kom inn á. Fyrir framlenginguna töluðum við um að ná að klára þetta áður en kæmi að vítaspyrnukeppni. Það tókst."

Luka Kostic var ánægður með baráttuna í sínum mönnum og taldi þá hafa verið betra liðið í leiknum. „Við fengum betri færi og vorum líklegri en þeir. En Framarar börðust jafnmikið og við og svona er fótboltinn. Við erum á uppleið, þetta er allt á réttri leið. Ég sé framfarir í hverri viku," sagði Luka.




**BARIST UM KNÖTTINN** Almarr Ormarsson, leikmaður Fram, reynir skalla að marki í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Grindvíkingar fengu fyrsta færi leiksins í gær. Scott Ramsey átti fast skot eftir sautján mínútna leik, tók boltann á lofti en skotið fór yfir markið. Paul McShane átti fyrstu alvöru skottilraun Framara en Óskar Pétursson gerði vel með því að verja í horn.

Svipuð deyfð var yfir seinni hálfleiknum og þeim fyrri en þó mátti minnstu muna á 66. mínútu þegar myndaðist ein ótrúlegasta þvaga sem undirritaður hefur orðið vitni að. Boltinn gekk milli manna í vítateig Grindvíkinga og hvert skotið á fætur öðru reið af. Gestirnir höfðu þó heppnina með sér og ekki fór knötturinn inn.

Paul McShane fékk sannkallað dauðafæri sem hann nýtti herfilega. Hann fékk góðan tíma, jafnvel of góðan því skot hans fór yfir. Færið kom eftir misskilning í öftustu línu Grindavíkur, alls ekki þann fyrsta í sumar.

Eysteinn Húni Hauksson fékk besta færi Grindvíkinga í venjulegum leiktíma eftir vel tímasetta sendingu frá Scott Ramsey en Hannes Þór Halldórsson kom út á móti og bjargaði vel. Ekkert var skorað í venjulegum leiktíma og því haldið í framlengingu eins og siður er.

Framlengingin var varla hafin þegar Fram hafði tekið forystuna. Bogi Rafn Einarsson gerði sig sekan um slæm mistök og Hjálmar Þórarinsson refsaði fyrir þau með því að skora. Grindavík fékk dauðafæri til að jafna í fyrri hluta framlengingarinnar en þá misnotaði Gills Ondo dauðafæri. Í seinni hálfleik framlengingarinnar var greinileg þreyta farin að sjást á leikmönnum og úrslitin 1-0 sigur Fram. elvargeir@365.is





AUKAKRÓNUR



410 4000 | landsbankinn.is

AUKAKRÓNUR

92 golfboltar á ári fyrir Aukakrónur

Þú getur keypt þér 92 Callaway golfbolta á ári hjá **Hole in One** fyrir Aukakrónurnar sem safnast þegar þú notar A-kortið þitt – eða eitthvað annað sem þig langar í hjá samstarfsaðilum Aukakróna.*

Sæktu um A-kort á **www.aukakronur.is**

* M.v. 150 þúsund kr. innlenda verslun á mánuði, þ.a. 1/3 hjá samstarfsaðilum. Sjá nánar á www.aukakronur.is.

**A-kortin**
Kreditkort sem safna Aukakrónum fyrir þig

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080

ENNEMM / SÍA / NM38420


FLUGFELAG.IS
HÓTEL HARPA
HÓTEL FRÓN
Hótel Þórshamar
HÓTEL Ísafjörður
KEAHOTEL
HÓTEL BJÖRK
SHAMPOO
SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS
Um landið allt eru framúrskarandi veitingastaðir og hlýleg hótel og ekki þarf að fljúga langt til að kúpla sig út úr stressinu. Komum sterk inn í nýja vinnuviku með góðar minningar í farteskinu.
BÓKAÐU NÚNA Á WWW.FLUGFELAG.IS
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
ÍSLENSKA/SIA.IS/FLU 46492 06/09



> Matthew Fox

„Ef þú grandskoðar tré tekurðu eftir dauðu greinunum og rispunum, alveg eins og á mannslíkamanum. Maður skilur þá að fegurð og ófullkomleiki fara listavel saman.“

*Matthew Fox fer með hlutverk Jack Shepard í þáttunum Lífsháska í Sjónvarpinu kl. 20.45*

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KLEMENS ÓLAFUR HLUSTAÐI Á RÍKISÚTVARPIÐ UM HELGINA

# Bossanova orðið nokkuð freistandi

Hún var ansi kreppuleg dagskrá Gufunnar um helgina. Eftir hádegi á laugardag heyrðist fyrsti þáttur af sex um vistaskipti Íslendinga fyrr og síðar. Rætt við fólk sem fór og fann sér nýtt heimili erlendis, þegar lítið var um tækifæri hér heima. Fólkið bar vistaskiptunum vel söguna. Heima vann ég alltaf tíu-tólf tíma á dag. En nú er maður búinn klukkan fjögur, sagði einn viðmælandinn.

Umsjónarmaður þáttarins er Guðrún Helga Sigurðardóttir, áður blaðamaður á Fréttablaðinu. Þetta var hinn fínasti þáttur, en hefði ef til vill mátt skoða betur neikvæða reynslu slíkra flóttamanna. Hvað með þá sem hafa flutt út og komið heim aftur með skottið lóðrétt?

Í næsta þætti á eftir, Til allra átta, var farið í sögu bossanovatónlistar og þá svona rammaðist þetta betur inn og útþráin jókst. Þessi undurmjúka og hlýja tónlist. Ætli hún hefði getað orðið til á landi, þar sem enginn lýkur vinnu klukkan fjögur?

Á sunnudag var eitthvað verið að lesa úr nítjándu aldar bréfum þar sem efast var um framtíð þjóðarinnar, í þáverandi árferði. Þá tók við guðsþjónusta úr Grafarvogskirkju. Predikun séra Vigfúsar var ruglingsleg, en kreppan virtist þar í fyrirrúmi. Hann hvatti þá syndlausu til að kasta fyrsta steininum og aðra til að fyrirgefa. Svo talaði hann um frægt málverk í anddyri kirkjunnar, þar er verið að krossfesta Jesú fyrir utan höfuðstöðvar Glitnis. Vigfús sagði að ljósastaurarnir á myndinni minntu okkur á Orkuveituna og þá von sem orkan, og væntanlega orkunýting, getur veitt okkur í myrkrinu.



Ég veit ekki alveg hvað presturinn var að fara, en hluti predikunarinnar fjallaði um að kirkjan hans væri ekki skuldugasta kirkja landsins, ekki þegar tillit væri tekið til fjölda „greiðenda“ í sókninni. Þar ætlaði hann væntanlega að segja „fjölda sóknarbarna“. En Vigfús ræddi ekki að kirkjan hans hefði þegið styrki frá auðmönnum síðustu ár. Eru það þeir, sem við eigum að fyrirgefa? Né talaði hann um að á toppi góðærisins hefði Grafarvogskirkja verið svo blönk að VÍS styrkti skírnarathafnir í musteri guðs. En hann kvartaði undan niðurskurði á framlögum ríkisins. Í lokin langaði mig talsvert með Guðrúnu Helgu til útlanda að dansa smá bossanova.

## MÁNUDAGUR



▶ 17.58 Friends STÖÐ 2



▶ 20.00 Ed TV STÖÐ 2 BÍÓ



▶ 20.25 Seinfeld STÖÐ 2 EXTRA



▶ 20.45 Lífsháski SJÓNVARPIÐ



▶ 21.50 Home James SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.20 Meistaramót Frjálsíþróttasambands Íslands** (2:3)

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Barnaefni** Hanna Montana, Sammi, Millý og Mollý, Halli og risaeðlufatan

**18.25 Út og suður** (Sigmar Maríusson gullsmiður og Sigríður Jónsdóttir í Arnarholti) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Ganges** (1:3) (Ganges: Dóttir fjallanna) Í þessum breska heimildarmyndaflokki er ánni Ganges fylgt frá upptökum hennar í Himalajafjöllum til óseyranna við Bengalflóa og fjallað um náttúru, dýralíf og mannlíf við þetta helgasta fljót Indlands.

**20.25 Sólkerfið** (2:13)(Space Files)

▶**20.45 Lífsháski** (Lost V) Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktri eyju í Suður-Kyrrahafi þar sem dularfullir atburðir gerast.

**21.30 Trúður** (Klovn) (e)

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.20 Íslenski boltinn**

**23.05 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives V) (e)

**23.50 Hringiða** (7:8) (Engrenages) (e) Franskur sakamálamyndaflokkur. Ung kona finnst myrt og lögreglukona, saksóknari og dómari sem koma að rannsókn málsins hafa hvert sína sýn á réttlætið.

**00.25 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Buena Vista Social Club**

**10.00 The Queen**

**12.00 The Sandlot 3**

**14.00 Buena Vista Social Club**

**16.00 The Queen**

**18.00 The Sandlot 3**

▶**20.00 Ed TV**

**22.00 A Perfect Murder**

**00.00 Far Side of the Moon (La face cachée de la lune)**

**02.00 The Night We Called It a Day**

**04.00 A Perfect Murder**

**06.00 Failure to Launch**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnaefni** Áfram Diego, áfram!, Kalli litli Kanína og vinir, Ævintýri Juniper Lee

**08.10 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (13:26)

**10.00 Doctors** (14:26)

**10.30 Eldsnöggt með Jóa Fel** (1:10)

**11.05 Gossip Girl** (16:18)

**11.50 Grey's Anatomy** (23:24)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (226:260)

**13.25 Oprah Winfrey Presents: Mitch Albom's For One More Day** Oprah Winfrey framleiðir þessa áhrifamiklu sjónvarpsmynd sem fjallar um mann sem missir móður sína. Þá tekur líf hans stakkaskiptum og allt fer á versta veg.

**15.10 ET Weekend**

**15.55 Barnaefni:** A.T.O.M., Galdrastelpurnar, Ævintýri Juniper Lee

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

▶**17.58 Friends** (4:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (19:25)

**19.45 Two and a Half Men** (23:24)

**20.10 So You Think You Can Dance** (6:23) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur fimmta sumarið í röð.

**21.40 So You Think You Can Dance** (7:23)

**22.25 The End of the World** Seinni hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar. Ofurstormi af styrk sem aldrei hefur mælst áður vex ásmegin og ógnar öllu lífi á jörðinni. Eina leiðin til að stöðva eyðilegginguna er fyrir hóp sérfræðinga að fara beint í auga stormsins.

**23.50 Bones** (17:26)

**00.35 Sympathy For Mr. Vengeance (Boksuneun naui geot)**

**02.35 Marines**

**04.10 Oprah Winfrey Presents: Mitch Albom's For One More Day**

**05.35 The Simpsons** (19:25)

**06.00 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**16.55 AT & T National** Sýnt frá lokadegi AT and T National-mótsins í golfi.

**20.25 Shellmótið**

**21.05 Celebrity Soccer Sixes** Óvenjulegt knattspyrnumót sem haldið var á Stamford Bridge, heimavelli Chelsea, en þangað mættu margar skærar stjörnur sem eru þekktar fyrir allt annað en að spila knattspyrnu. Meðal keppenda var boxarinn Joe Calzaghe.

**22.00 Sigurður Jónsson** Fimmti þátturinn af tíu í þessari mögnuðu þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar. Í þessum þætti verður fjallað um Sigurð Jónsson og ferill hans skoðaður.

**22.50 Augusta Masters Official Film** Vandaðir þættir um eftirminnileg Mastersmót sem er eitt af fjórum risamótum í golfi. Ávallt er keppt um græna jakkann og mótið fer fram á Augusta National-vellinum. Í gegnum tíðina hafa þeir Tiger Woods, Jack Nicklaus og Arnold Palmer verið sigursælastir á mótinu. Í þessum þætti verður sýnt frá mótinu árið 1997 en þá sigraði Tiger í fyrsta sinn.

**23.45 $5,000 Mixed Hold' Em** Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**19.00 Tottenham - Man. Utd, 2001** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**19.30 Arsenal - Leeds** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**20.00 Enska úrvalsdeildin: Liverpool - Man. Utd.** Útsending frá leik Liverpool og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.

**21.40 1001 Goals** Bestu mörk ensku úrvalsdeildarinnar skoðuð.

**22.35 Enska úrvalsdeildin: Man. City - West Ham** Útsending frá leik Man. City og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Óstöðvandi tónlist**

**18.00 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.45 America's Funniest Home Videos** (43:48) (e)

**19.10 Robin Hood** (3:13) (e) Bresk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um hetjuna Hróa hött, útlagann sem rænir þá ríku til að gefa hinum fátæku. Fógetinn heldur áfram að reyna að góma Hróa og reynir að þvinga hans nánustu til að snúast gegn honum.

**20.00 What I Like About You** (9:24) Bandarísk gamansería um tvær ólíkar systur í New York.

**20.30 Matarklúbburinn** (3:8) Nýr íslenskur matreiðsluþáttur þar sem landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran matreiðir ljúffenga og einfalda rétti fyrir áhorfendur og gesti sína.

**21.00 One Tree Hill (24:24)**

▶**21.50 Home James** (1:10)

**22.20 Murder** (1:10)

**23.10 Penn & Teller: Bullshit** (17:59) Skemmtilegur þáttur þar sem háðfuglarnir Penn & Teller leita sannleikans. Takmark þeirra er að afhjúpa svikahrappa og lygalaupa með öllum tiltækum ráðum.

**23.40 The Dead Zone** (4:13) (e) Bandarísk þáttaröð sem byggð er á sögupersónum eftir Stephen King. Johnny Smith sér framtíð þeirra sem hann snertir og reynir að bjarga þeim sem þurfa á hjálp að halda. Johnny fær undarlegar sýnir þegar hann heimsækir sirkus og fer að endurskoða gamalt morðmál. Hann kemst einnig að því að sonur hann hafi ef til vill erft hæfileika hans.

**00.30 CSI** (2:24) (e)

**01.20 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Eldað íslenskt**

**20.30 Frumkvöðlar** Gestir þáttarins eru Gísli Gíslason, Sighvatur Lárusson og Sturla Sighvatsson.

**21.00 7 leiðir með Gaua litla**

**21.30 Í nærveru sálar** Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


AUKAKRÓNUR



410 4000 | landsbankinn.is

AUKAKRÓNUR

66 rósir á ári fyrir Aukakrónur

Þú getur keypt ilmandi rauða rós á sex daga fresti hjá **Blómaverkstæði Binna** fyrir Aukakrónurnar sem safnast þegar þú notar A-kortið þitt – eða eitthvað annað sem þig langar í hjá samstarfsaðilum Aukakróna.*

Sæktu um A-kort á **www.aukakronur.is**

* M.v. 150 þúsund kr. innlenda verslun á mánuði, þ.a. 1/3 hjá samstarfsaðilum. Sjá nánar á www.aukakronur.is.

**A-kortin**
Kreditkort sem safna Aukakrónum fyrir þig

Landsbankinn

ENNEMM / SÍA / NM38421 NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080.

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.10

### So You Think You Can Dance



Nú hafa tuttugu bestu dansararnir dansað sig í sjálfa úrslitakeppnina. Leið þeirra hefur verið löng og ströng gegnum prufurnar og niðurskurðinn í Las Vegas. Í kvöld munu tveir þeirra kveðja drauminn um að gerast næsta dansstjarna Bandaríkjanna. Tár, bros og ótrúleg dansspor í stærstu danskeppni heims í kvöld.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Ganges**

**Sjónvarpið kl. 19.35**

Í þessum breska heimildarmyndaflokki er ánni Ganges fylgt frá upptökum hennar í Himalajafjöllum, um sléttturnar miklu á Norður-Indlandi til óseyranna við Bengalflóa. Fjallað er um náttúru, dýralíf og mannlíf við þetta helgasta fljót Indlands og eins og jafnan hjá náttúrufræðideild BBC er öll myndataka í þáttunum óviðjafnanleg.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunfrúin
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin - heldur áfram
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Á sumarvegi
**14.03** Jacqueline du Pré
**15.03** Útvarpssagan: Sumar í Sóltúni
**15.25** Fólk og fræði
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Á sumarvegi
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Framtíð lýðræðis
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Sólon Islandus
**22.45** Bláar nótur í bland
**23.20** Lostafulli listræninginn
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (225:260)
**17.15 Hollyoaks** (226:260)
**17.40 ER** (19:22)
**18.25 Seinfeld** (4:22)
**18.45 Hollyoaks** (225:260)
**19.15 Hollyoaks** (226:260)
**19.40 ER** (19:22) Stöð 2 og Stöð 2 Extra sýna eina allra vinsælustu þáttaröð síðari ára frá upphafi. Þættirnir gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
▶**20.25 Seinfeld** (4:22)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.20 Ísland í dag**
**21.40 Aliens in America** (11:18) Stórskemmtilegir gamanþættir um Raja, ungan skiptinema frá Pakistan sem býr hjá Tolchuck-fjölskyldunni í Wisconsin.
**22.05 Monk (2:16)**
**22.50 The End of the World** Fyrri hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar. Ofurstormur af styrk sem aldrei hefur mælst áður vex ásmegin og ógnar öllu lífi á jörðinni. Eina leiðin til að stöðva eyðilegginguna er fyrir hóp sérfræðinga að fara beint í auga stormsins.
**00.15 Prison Break** (23:24) Næstsíðasti þáttur af Prison Break. Við skyggnumst inn í framtíðina og sjáum hvað verður í raun um hetjurnar okkar í magnaðri sögufléttu sem enginn sér fyrir.
**01.00 Twenty Four** (23:24)
**01.45 Lie to Me** (4:13)
**02.30 Sjáðu**
**02.55 Aliens in America** (11:18)
**03.20 Fréttir Stöðvar 2**
**04.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**11.00** Only Fools and Horses **11.30** Absolutely Fabulous **12.00** My Hero **12.30** Blackadder II **13.00** Only Fools and Horses **13.30** Absolutely Fabulous **14.00** The Weakest Link **14.45** My Hero **15.15** Blackadder II **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Absolutely Fabulous **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** My Hero **18.30** Blackadder II **19.00** Gavin And Stacey **19.30** Lead Balloon **20.00** Torchwood **20.50** Any Dream Will Do **22.15** Gavin And Stacey **22.45** Lead Balloon **23.15** EastEnders **23.45** The Weakest Link

## DR 1

**11.00** Sommerminder **11.30** Så er der pakket **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** Flight 29 savnes! **13.30** SommerSummarum **13.35** Svampebob Firkant **13.55** SommerSummarum **15.05** Trolddomsæsken **15.30** Alle vi born i Bulderby **16.00** Mig og min alder **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** SommerVejret **17.05** Klovedal i Indonesien **18.00** Ægyptens gåder **19.00** TV Avisen **19.25** SommerVejret **19.35** Aftentour 2009 **20.00** Horisont Special **21.00** Ildproven **22.40** Seinfeld

## NRK 1

**10.30** Norge rundt jukeboks **11.30** Sport Jukeboks **12.30** Svisj gull jukeboks **13.40** Hoyere enn himmelen **15.05** Litt som deg **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Supertrioen **16.25** Vennene på Solflekken **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Når dyr reddar liv **17.55** Borettslaget **18.25** Landeplage **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.15** The Street **21.15** Kveldsnytt **21.30** Derrick **22.30** Dei store krigarane **23.20** Sport Jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Sportspegeln **10.35** Kunskap och vetande **11.50** Så som i himmelen **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Vårt hus - en mögelfälla **15.25** Norsk attraktion **15.55** Rymden **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Älskar dig för evigt? **16.45** Med huvudduk och höga klackar **17.15** Via Sverige **17.30** Rapport **17.50** Regionala nyheter **18.00** Det nya landet **19.00** Kommissarie Montalbano **20.55** Allsång på Skansen **21.55** Plus sommar **22.25** Being human **23.25** Sändningar från SVT24



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Hann Magnús var alveg einstaklega yndislegt barn og við tvö höfum alltaf verið miklir og góðir vinir. Hann er sterkur karakter og hefur yfir einhverri innri ró að búa. Ég vissi að hann myndi höndla Indlandsdvölina því það er svo fátt sem haggar honum.“*

Kristín Einarsdóttir, móðir Magnúsar Atla Magnússonar sem stundar nám í hættulegustu borg Indlands.

# Sá Júragarðinn og heillaðist

Heiðrún Tinna Haraldsdóttir stundar nám við tæknibrellugerð, eða „special effects“ í The Academy of Art University, San Francisco. Áður hefur hún lokið BA-námi í grafískri hönnun við Listaháskólann. Hvað kom henni út í þetta nám? „Það var gamall draumur frá því að ég var yngri. Ég sá Jurassic Park og hugsaði, hey, mig langar að gera svona,“ segir Heiðrún.

Námið er tvö og hálft ár og kennararnir koma úr hópi fyrirtækja líkt og Pixar. Innifalið í náminu er lærlingsstaða hjá eftirvinnslufyrirtæki. „Maður fær fullt af reynslu og kennararnir hjálpa manni við að komast út í bransann.“ Hún segir því óljóst hvort hún snúi heim eftir námið eða hefji störf úti.

Hún er hrifin af San Francisco. „Þetta er algjör draumaborg. Maður fattar ekki alveg að þetta sé aðalhommaborgin í Bandaríkjunum fyrr en maður sér alla sætu strákana.“

Heiðrún segir brellurnar hálfgert strákafag. „Stelpurnar eru aðallega í því sem er kallað „rigging“, að setja vöðva og beinagrindur inn í persónurnar. Annars hef ég ekki séð mjög margar stelpur í þessu.“

Sjálf er hún kvikmyndanörd. „Ég held að það sé mjög leiðinlegt að fara með mér í bíó. Ég missi mig alltaf yfir einhverjum sprengingum og tala bara um tæknibrellur eftir myndina. Mér finnst mjög gaman að fylgjast með hvað er að gerast í tæknibrellugeiranum.“ **- kbs**



**LÆRIR BRELLURNAR** Heiðrún Tinna lætur gamlan draum rætast og lærir tæknibrellugerð og eftirvinnslu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**LÁRÉTT** 2. lappi, **6.** frá, **8.** samræða, **9.** iðn, **11.** 950, **12.** hreykja sér, **14.** korr, **16.** tveir eins, **17.** sigti, **18.** slagbrandur, **20.** tvíhljóði, **21.** óskert.
**LÓÐRÉTT** 1. hindrun, **3.** strit, **4.** köldusótt, **5.** angan, **7.** lánsamur, **10.** gláp, **13.** bjargbrún, **15.** lægð, **16.** egna, **19.** fisk.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sami, **6.** af, **8.** tal, **9.** fag, **11.** lm, **12.** tróna, **14.** snörl, **16.** ææ, **17.** sía, **18.** slá, **20.** au, **21.** allt. **LÓÐRÉTT: 1.** haft, **3.** at, **4.** malaría, **5.** ilm, **7.** farsæll, **10.** gón, **13.** nös, **15.** laut, **16.** æsa, **19.** ál.





**Clear Guard** Steypugljái fyrir stimplaða steypu, bílaplön og stéttar. Fáanlegt: 3,8 og 19 lítrar.

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - www.murbudin.is


ÓLAFUR JÓHANNESSON: SNÝR AFTUR HEIM Á ÆSKUSLÓÐIRNAR

# Kvikmyndagerðarmenn leggja Búðardal undir sig

„Ég held að íbúunum sé alveg slétt sama, fullkomlega, það verður allavega engum alíkálfi slátrað þegar maður kemur,“ segir kvikmyndagerðarmaðurinn Ólafur Jóhannesson. Hann er á leiðinni heim til Búðardals þar sem nýjasta kvikmynd hans, Laxdæla Lárusar Skjaldarsonar, gerist. Ólafur er frá Búðardal, ólst þar upp en vill sem minnst af laginu Heim í Búðardal eftir Gunnar Þórðarson vita. „Nei, maður fattaði að þetta lag er til á einhverjum tímapunkti sem Búðdælingur og svo fékk maður ógeð á því.“

Æfingar hafa staðið yfir í gamla Saltfélagshúsinu að undanförnu en hópurinn heldur vestur í vikunni og leggur þá Búðardal undir sig. „Já, við munum búa úti um allt, í leikskólum, félagsheimilinu og svo munum við ganga inn í hús. Árangurinn veltir svolítið mikið á gestrisni íbúanna,“ útskýrir Ólafur.

Laxdæla Lárusar segir frá Lárusi, sem er verkfræðingur með allt niðrum sig. Konan farin og hann stendur berskjaldaður frammi fyrir nöprum hversdagsleikanum. Hann ákveður að ljúga sig inn í samfélagið í Búðardal á þeim forsendum að hann geti sett sláturhús staðarins aftur af stað. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá leikur Stefán Karl Stefánsson aðalhlutverkið en hann verður í góðum félagsskap. Benedikt Erlingsson, Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, Hilmir Snær, Harpa Arnarsdóttir og Eggert Þorleifsson fara öll með hlutverk í myndinni en Eggert leikur sveitarstjórann á svæðinu. Ágústa Eva Erlendsdóttir leikur einnig stórt hlutverk í myndinni en hún er einnig að leika Bjarnfreði í kvikmyndinni Bjarnfreðarson. „Ég og Ragnar Bragason erum fínir vinir og ræddum þetta, hún verður á einhverjum þvælingi á milli tökustaða og er bara sátt með það,“ útskýrir Ólafur.

Ingvar E. Sigurðsson leikur síðan útgerðarkóng að vestan sem hefur fundið ástina í líki Jónatans sem Gunnar Hansson leikur. Ólafur segir að hópurinn hafi átt erfitt með sig þegar þeir tveir voru að æfa atriðin sín, menn og konur hafi hreinlega grenjað úr hlátri.

Ólafur hræðist ekkert að fara með þennan stóra hóp stórstjarna vestur á land. „Þetta verður ekkert mál og það sem mér þykir eiginlega skemmtilegast er að þarna hittir listapakkið af höfuðborgarsvæðinu listafólkið utan af landi og það verður til einhver ljóstillífun þarna á milli af því einhver api ákveður að búa til kvikmynd,“ útskýrir Ólafur.

freyrgigja@frettabladid.is



**Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP**

**Ólafur Jóhannesson** er í góðum félagsskap í kvikmyndinni Laxdæla Lárusar Skjaldarsonar. **Stefán Karl** leikur aðalpersónuna Lárus sem lýgur sig inn í samfélagið á Búðardal á þeim forsendum að hann geti komið sláturhúsi staðarins aftur af stað. **Ingvar E. Sigurðsson** leikur hins vegar útgerðarkóng sem er ástfanginn af Jónatan en hann er leikinn af **Gunnari Hanssyni**.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Nýtt lag með tónlistarkonunni **Lay Low** sem kallast Aukalagið fer í spilun í þessari viku. Lagið átti upphaflega að vera á síðustu plötu hennar, Farewell Good Night's Sleep, en ekki náðist að klára það í tæka tíð. Lay Low er í stuttu stoppi á Íslandi þessa dagana og ætlar af því tilefni að halda tónleika á Rosenberg miðvikudagskvöldið 15. júlí. Eftir það fer hún aftur út í lönd og spilar á tónlistarhátíðum í Noregi, Slóvakíu, Hollandi og Englandi.



**Stefán Einar Stefánsson** viðskiptasiðfræðingur hefur verið nokkuð áberandi að undanförnu og bent á eitt og annað sem hefði svo sem mátt liggja í augum uppi um brogað siðferði í íslenskum viðskiptum og stjórnmálum. Hann var í viðtali hjá Helga Seljan í Kastljósinu og benti á staðfasta tregðu íslenskra stjórnmálamanna að víkja ef þeir eru hagsmunatengdir eða uppvísir að afglöpum í starfi. Hárrétt hjá Stefáni en þegar hann leitaði skýringa skriplaði hann á skötu, sagði þetta eiga rætur að rekja til kúltúrs á Íslandi sem, öfugt við Norðurlönd, væri þannig að þeir sem segðu af sér, nauðugir viljugir, ættu ekki afturkvæmt. Sárafáir hafa „sagt af sér“, tvo má nefna, Guðmund Árna Stefánsson og Árna Johnsen, sem fengu fljúgandi kosningu strax í kjölfarið.



Óðum styttist nú í að Fangavaktin verði tekin til sýninga í sjónvarpi. Fréttablaðið getur glatt lesendur sína með því að sögur berast nú af afdrifum **Ólafs Ragnars**. Á meðan Georgi er stungið inn gerist Ólafur fasteignasali og þáttaröðin hefst á því þegar hann kemur akandi á Range Rover í heimsókn í fangelsið.



**- fb, jbg, hdm**






# Plötu Jóhanns lekið á netið

„Þetta kemur mér ekki á óvart. Þetta er bara normið í dag,“ segir tónlistarmaðurinn Jóhann Jóhannsson. Nýrri plötu hans sem nefnist And in the Endless Pause There Came a Sound of Bees hefur verið lekið á netið. Platan, sem hefur að geyma lög úr teiknimyndinni Varmints, var gefin út í aðeins eitt þúsund eintökum og var seld á tónleikaferð Jóhanns og hljómsveitar hans um Bandaríkin.

Stutt er síðan væntanlegri plötu hljómsveitarinnar Riceboy Sleeps með Jónsa í Sigur Rós og kærasta hans Alex Somers var lekið á netið en nú er röðin komin að Jóhanni, sem er lítið að æsa sig yfir tíðindunum. „Þetta er eins og að vera ósáttur við veðrið. Svona er ástandið og það er afskaplega lítið sem maður getur gert í því. Ég er bara mjög sáttur ef fólk er að hlusta á tónlistina mína. Ég er fylgjandi því að tónlistarmenn fái borgað fyrir sína vinnu en það er mál sem kemur hlustandanum ekki beint við. Þetta er hlutur sem þarf að vinna í tengslum við það hvernig tónlist er dreift almennt. Það þarf að endurhugsa þennan prósess allan.“

Jóhann var staddur á Íslandi í stutttu stoppi þegar Fréttablaðið ræddi við hann og ætlaði hann að skilja nokkur eintök af plötunni eftir í 12 Tónum fyrir áhugasama.

Næstu tónleikar Jóhanns verða í Belgíu 11. júlí. Þar spilar hann á sólarupprásartónleikum ásamt fjórtíu manna strengjasveit. „Tónleikarnir byrja klukkan 4.30 um morguninn og við spilum á meðan sólin er að rísa upp. Við hlökkum mikið til,“ segir hann.

**- fb**



**JÓHANN JÓHANNSSON** Nýjustu plötu Jóhanns hefur verið lekið á netið. Hún var gefin út í aðeins eitt þúsund eintökum.

# Sjóðheitur SPÁNN

**ALLT INNIFALIÐ!***

## Benidorm

Verð frá:

**69.900 kr.**

Brottför 11 júlí. 5 dagar m/v 2 fullorðna og 2 börn
*Allar máltíðir, kaffi og kökur milli mála , ís fyrir alla og allir drykkir.

**Fyrstur kemur, fyrstur fær.**
**Skráðu þig í netklúbb Plúsferða og vertu fyrstur til að fá bestu tilboðin!**
**Nánari upplýsingar og bókanir á www.plusferdir.is**

VISA MasterCard

**PLÚSFERÐIR** – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100

plús FERÐIR

www.plusferdir.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**






Hvar er þín auglýsing?

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára.
Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.




**BAKÞANKAR**
Gerðar Kristnýjar

## *Tíðindi úr tómarúminu*

Í ágúst árið 1988 fór ég á tónleika með Michael Jackson í Montpellier í Suður-Frakklandi. Ég fór með hollenskri vinkonu sem var vön að fara á stórtónleika og krafðist þess að við træðumst fremst. Það tók vissulega á að standa jafnlengi í sömu sporunum í sumarhitanum og þurfa síðan að afplána upphitunarbandið, sem mér er engin leið að muna hvert var. Biðin var samt vel þess virði. Michael Jackson var eðallistamaður og það var ævintýralegt að sjá hann á jafnstuttu færi. Hann stökk fimur um sviðið í allt of stuttum buxum og greip reglulega í klof sér eins og eitthvað væri að losna.

**SÍÐUSTU** árin hefur flest sem Michael Jackson tók sér fyrir hendur þótt skrítið. Þegar hann fór í fegrunaraðgerð var það til að fylla upp í tómarúm. Þegar hin franska Orlane fer í fegrunaraðgerðir er það list. Þegar Michael fór í búðir var það líka til að fylla upp í tómarúmið. Aldrei heyrðist það orðalag notað um sálarlíf íslenskra auðmanna þótt þeir hafi jafnvel keypt sér heilu skíðabrekkurnar og haft fólk á launum við að velja púðana í stofusófann.

**ÞEGAR** Michael varð sér úti um leigumóður var það líka hálfankannalegt en þegar leikaraparið Sarah Jessica Parker og Matthew Broderick gerðu slíkt hið sama þótti það fullkomlega eðlilegt og allur heimurinn gladdist með þeim yfir tvíburunum. Fyrrverandi eiginkona Michaels Jackson, Lisa Marie Presley, lét hafa eftir sér að hann hefði alltaf vitað að hann dæi ungur. Það sama átti við ekki ómerkari menn en Alexander mikla og Jesú Krist. Michael Jackson fyllir upp í hugmyndir okkar um hvernig hæfileikarík stórmenni eiga að sigla yfir í hina víkina, ungar, einar og óhamingjusamar.

**SAGA** Michaels Jackson minnir á Kistuna fljúgandi eftir H.C. Andersen um unga manninn sem er „eyðslusamur slæpingi“ og á enga vini „þegar hann átti ekki lengur neina peninga“. Einhver verður þó til að senda honum kistu sem getur flogið. Hann verður ríkur og vinsæll á nýjan leik en það stendur stutt yfir. Kistan brennur til ösku og ungi maðurinn hefur ekkert annað sér til viðurværis en að segja sögur. Kannski er það rétt sem stendur í gömlum bókum, að hóf sé best, en af því spryttu harla fáar sögur.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er mánudagurinn 6. júlí 2009, 187. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.17 | 13.32 | 23.46 |
| Akureyri | 2.19 | 13.17 | 0.12 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





**Verslunarmannahelgin í London**
30. júlí-3. ágúst
Verð á mann í tvíbýli:
**79.900 kr.**
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 4 nætur með morgunverði á 4* hóteli.

**U2 á Wembley**
14.-16. ágúst
Verð á mann í tvíbýli:
**117.900 kr.**
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, hótelgisting með morgunverði, miði á tónleikana, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.

Þýskaland
**Rüdesheim við Rín**
20.-25. ágúst

Verð á mann í tvíbýli:
**99.900 kr.**
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á góðu hóteli í miðborginni með morgunverði og akstur til og frá flugvelli.


London
**GOLF**
Coulsdon Manor
17.-20. september
Stutt frá miðborg London!
Verð á mann í tvíbýli:
**96.900 kr.**
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, frítt í flug fyrir golfsettið, gisting í 3 nætur á 4* Coulsdon Manor með morgun- og kvöldverði, 4 golfhringir, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.

París
Hin óviðjafnanlega
**París**
12.-19. júlí


Verð á mann í tvíbýli:
**124.900 kr.**
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum og gisting á 3* Hotel Mercure Montmartre með morgunverðarhlaðborði.


Þýskaland
**Sæluvika í Svartaskógi**
22.-29. ágúst
Fararstjóri: Lilja Hilmarsdóttir
Verð á mann í tvíbýli:
**144.900 kr.**
Innifalið: Flug til Basel með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á 4* Hotel Baren með fullu fæði, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.

**Einstakt úrval!**

Hvort sem þú vilt drekka í þig menningu heimsborga, njóta náttúrufegurðar Evrópu, kanna fornar menningarslóðir, stunda golf í fögru umhverfi eða bara slaka á í útlöndum, þá höfum við draumaferðina þína á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

Nánari upplýsingar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Kynntu þér úrvalið á **www.expressferdir.is** eða hringdu í sölufólk okkar í síma **5 900 100**.

**Express ferðir**
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express



**Kraká**
12.-19. ágúst
Fararstjóri: Óttar Guðmundsson
Verð á mann í tvíbýli:
**119.900 kr.**
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, hótelgisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

**Valencia**
29. ágúst-3. september
Fararstjóri:
Þórarinn Sigurbergsson
Verð á mann í tvíbýli:
**102.900 kr.**
Innifalið: Flug til Alicante með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á 4* Hotel Expo í miðborginni með morgunverði, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.
